



Leiðbeiningar vegna þjónustugáttar

Eyðublaðið mat á hæfi þarf að stofna sérstaklega og er það gert með tilkynningu um breytingu á stjórn og/eða framkvæmdastjóra. Í tilkynningu þarf einnig að taka fram hverjir eru að hætta í stjórn. Þegar tilkynning hefur verið send inn stofnast eyðublaðið mat á hæfi á þá einstaklinga sem eru að setjast í stjórn. Stjórnarmenn og framkvæmdarstjórar fá þá sendan tölvupóst með upplýsingum um að eyðublaðið hafi verið búið til. Tilkynning er send úr fyrirtækjagátt viðkomandi fyrirtækis og þurfa þeir starfsmenn sem senda tilkynningu að vera með umboð fyrir hönd síns fyrirtækis. Umboð eru skilgreind á síðunni Umboð í fyrirtækjagáttinni.

Leiðbeiningar varðandi innsendingu á tilkynningu um breytingu á stjórn og/eða framkvæmdastjóra

1. Farðu inn á síðuna <https://thjonustugatt.fme.is>
2. Þér er vísað á island.is innskráningarsíðu en einungis er hægt að skrá sig inn með rafrænum skilríkjum.
3. Á upphafssíðu áttu valmöguleikann á að fara inn í umboði fyrirtækis þíns. Veldu hlekk inn á þitt fyrirtæki.
4. Farðu inn á Tilkynningar. Hlekk á síðuna er að finna í boxi á forsíðu eða í haus efst á síðunni.
5. Veldu Tilkynning um breytingu á stjórn og/eða framkvæmdastjóra. Þar þarftu að skrá þá sem eru að setjast í stjórn og afskrá þá sem eru að hætta.
6. Ýttu á hnappinn Senda tilkynning sem birtist þegar búið er að fylla alla reiti í tilkynningunni.
7. Hægt er að fylgjast með stöðu mála á síðunni Mál aðila en aðgengi að innsendum eyðublöðum er ekki veitt.
8. Farðu í fellilista undir nafni þínu í haus og veldu Skrá út. Þér er vísað á ytri vef Fjármálaeftirlitsins.

Leiðbeiningar varðandi innsendingu á eyðublaði vegna mats á hæfi

1. Þú færð tölvupóst þegar búið er að stofna eyðublað vegna mats á hæfi.
2. Farðu inn á síðuna <https://thjonustugatt.fme.is>
3. Þér er vísað á island.is innskráningarsíðu en einungis er hægt að skrá sig inn með rafrænum skilríkjum.
4. Farðu inn á Eyðublöð. Hlekk á síðuna er að finna í boxi á forsíðu eða í haus efst á síðunni.
5. Veldu eyðublað sem stofnast undir Mat á hæfi og fylltu út.
6. Allar breytingar sem gerðar eru á eyðublaðinu vistast sjálfkrafa og þar af leiðandi þarf ekki að ljúka útfyllingu í fyrstu umferð.
7. Hægt er að fylgjast með stöðu mála á síðunni Mín mál. Þú hefur aðgang að öllum gögnum sem þú sendir með eyðublaðinu ásamt eyðublaðinu sjálfu á meðan verið er að vinna málið. Þegar máli er lokið geturðu séð eyðublaðið sem sent var inn.
8. Farðu í fellilista undir nafni þínu í haus og veldu Skrá út. Þér er vísað á ytri vef Fjármálaeftirlitsins.